

Æskulýðsstarf

Hestamannafélagsins Þyts

Starfsskýrsla 2014-2015.

Æskulýðsnefnd Þyts 2013-2014.

Helga Rós Níelsdóttir: Formaður

Irena Kamp

Þórdís Helga Benediktsdóttir

Guðný Helga Björnsdóttir

Katarina Borg

Uppskeruhátíð.

Í lok október 2014 var haldin uppskeruhátíð barna og unglinga á Sveitasetrinu Gauksmýri. Að venju var vel mætt af unglingum, börnum og foreldrum þeirra. Hestamannafélagið bauð upp á kaffi að hætti Gauksmýrarverta. Á hátíðinni voru veittar viðurkenningar fyrir knapa ársins í unglinga- og barnaflokki. Stigahæstu knapar í barnaflokki voru 1.sæti Eysteinn Tjörvi Kristinsson. 2.sæti Rakel Gígja Ragnarsdóttir og 3.sæti Ingvar Óli Sigurðsson. Stigahæðstu knapar í unglingaflokki voru 1.sæti Eva Dögg Pálsdóttir 2.sæti Karitas Aradóttir og 3.sæti Anna Herdís Sigurbjartsdóttir. Öll börn sem tekið höfðu á einhvern hátt þátt í vetrarstarfinu fengu gjafir frá Æskulýðsnefndinni. Formaður fór yfir starf liðins árs og það sem væri á döfinni á komandi ári. Æskulýðsnefndin þakkaði að lokum iðkendum kærlega fyrir samstarfið og foreldrum og aðstandendum sérstaklega fyrir frábæra þátttöku og viðtökur við hverskonar beiðni um aðstoð.

Fundir.

Nokkrir fundir voru haldnir á starfsárinu, bæði foreldrafundir um starfið og nefndarfundir.

Kennsla - Námskeið

Að vanda var mikill áhugi fyrir reiðþjálfun, keppnisþjálfun, knapamerki og fimleikum á hesti. Um 50 börn á öllum aldri tóku þátt í námskeiðunum.

Í vetur var prófað að hafa 2 kennara í reiðþjálfun, keppnisþjálfun og Trec og kom það mjög vel út, en Fanney Dögg Indriðadóttir og Hallfríður Sigurbjörg Óladóttir sáu um þá kennslu.

Reiðþjálfun

Í ár var vel sótt í reiðþjálfunina, þar læra börnin að stjórna hesti sínum í gegnum æfingar og reiðleiðir, og læra um gangtegundir. Einnig farið yfir ásetu og stillingar á reiðtygum og heilbrigði hestsins. Kennsla er innan og utandyra.

Keppnisþjálfun

Keppnisþjálfun er undirbúningur knapa og hests fyrir keppnir og þjálfun til að gera hestana betri. Þar læra knapar ásetu og stjórnun og er leiðbeint að sitja rétt og vel.

Knapamerki

Í vetur, 2 unglingar luku prófi í Knapamerki 4 og 2 luku prófi í Knapamerki 2, Fanney Dögg Indriðadóttir sá um knapamerkjakennsluna.

Fimleikar á hesti

Irina Kamp og Kathrin Schmitt sáu um fimleika á hesti. Mjög mikil þátttaka var í námskeiðinu fimleikar á hesti. Það eykur mjög jafnvægi krakkanna að taka þátt í æfingum sem þessum, einnig er það mjög gott fyrir þau sem hafa ekki aðgang að hestum að geta verið á þessum námskeiðum og eflir þetta mjög áhuga þeirra á hestamennskunni. Í fimleikum á hesti var byrjendahópur og svo hópur fyrir lengra komna. Bæði var kennt í íþróttahúsinu á fimleikahestum og í reiðhöllinni á alvöruhestum.

Á haustin fara hestafimleikarnir allir fram í íþróttahúsinu á Laugarbakka. Þar var verið að æfa krakkana í grundavallaratriðum fimleika og undirbúa þau undir að gera æfingar á lifandi hesti.

Yngsta kynslóðin

Annan hvern sunnudag var námskeið fyrir yngstu kynslóðina þar sem þau komu með sína hesta og fóru í leiki og þrautir, fengu kennslu og leiðbeiningar frá eldri krökkum ásamt þess að fullorðinn einstaklingur var til aðstoðar.

TREC

Í vetur var í fyrsta skipti sem boðið var upp á Trec, var það námskeið mjög vel sótt. Þetta er ný grein sem felur í sér þrautir sem t.d auka traust milli knapa og hests, eykur jafnvægi, hraðastjórnun, fótastjórnun og sætisstjórnun. Í TREC er lagt áherslu á að skilning hjá knapa hvern hesturinn lærir og hvernig við kennum honum hluti(nýja hegðun), að knapi treysti hesti sínum og öfugt, og mynda traust samband. Að knapin læri hvað hægt er að nýta hestinn okkur í ýmsa hluti. Kennnt er stjórnun með sæti, höndum, fótum og hljóðmerki. Farið er yfir heilbryggði hestsins og stillingar á reiðtygum. Kennsla í TREC fer fram innan og utandyra, settar eru upp þrautabrautir sem hestur og knapi þurfa að leysa saman.

Grunnskólamótin.

Æskulýðsnefndir hestamannafélaganna á Norðurlandi vestra halda þrjú mót yfir veturinn, sem þau kalla Vinamót. Þá keppa krakkarnir fyrir það hestamannafélag sem þau eru í og safna stigum. Mótin voru haldin í Arnargerði á Blönduósi, í Svaðastöðum á Sauðárkróki og í Þytsheimum hér á Hvammstanga. Þau eru byggð upp á því að allir geti tekið þátt og æft sig í að keppa. Keppt er í þremur aldursflokkum. Elsti hópurinn 8. - 10. bekkur keppa í tölti, fjórgangi, smala og skeiði. 4.-7. bekkur keppa í smala, tölti, og tví- eða þrígangi. Í tvígangi sýna þau fet og tölt eða brokk, í þrígangi sýna þau fet, tölt og brokk. Ekki þurfa þessi aldursflokkar að sýna stökk, enda getur það verið erfitt fyrir lítið reynda knapa inni í reiðhöllunum. Yngsti aldursflokkurinn í 1. - 3. bekk keppa í þrautabraut og fegurðarreið.

Æskulýðsferð

Þann 1.apríl var farið í ferðalag án hesta og var þátttaka góð. Hestamannafélagið styrkti okkur með því að borga rútuna. Farið var í Borgarfjörðinn þetta árið og skoðuðum við okkur um á Skáney og Mið-Fossum. Einnig var farið á Landbúnaðarsafnið á Hvanneyri og áður en haldið var heim á leið var komið við í reiðhöllinni í Borgarnesi þar sem æskulýðsnefnd Skugga og fleiri Skuggafélagar tóku vel á móti okkur og áttum við góða og skemmtilega stund með þeim.

Sumarið.

Krakkarnir og unglingarnir voru dugleg og að taka þátt í ýmsum keppnum í sumar bæði í heimahéraði og nálægum héruðum.

Youth Camp 2015

FEIF Youth Camp 2015 fór fram í Þýskalandi í sumar. En það eru sumarbúðir fyrir unglunga á aldrinum 13-17 ára, frá öllum aðildarlöndum FEIF. Þar er markmiðið að kynna fyrir krökkunum hestamenninu annara þjóða og hitta einnig ungt fólk með sama áhugamál. Þema þetta árið var Sirkus æfingar án hesta, síðan var sett sýning þar sem unglingarnir tóku þátt í. Einn af þeim sem fór fyrir hönd Íslands var okkar Þyts-maður, Eysteinn Tjörvi Kristinsson.

Þakkir fyrir Okkur

Við í æskulýðsnefnd Þyts erum mjög ánægð með árið hjá okkur. Foreldrar hafa verið mjög duglegir eins og áður að aðstoða við það sem þarf, enda gengi ekki svona starf nema með virkum foreldrum því margir eiga um langan veg að fara til að mæta á námskeið, æfingar eða keppni allan veturinn, einnig þurfa yngstu þátttakendurnir digga aðstoð við að komast upp í hesthús og leggja á. Vonum við að starfið haldi áfram að blómstra eins og verið hefur undanfarin ár.

Mikið af myndum er hægt að sjá úr starfinu í myndaalbúmi á heimasíðu Þyts: thytur.123.is.

Einnig minnum við á síðuna okkar á facebook. - Æskulýðsstarf Þyts

Kær kveðja

Æskulýðsnefnd Þyts.